

GREINARGERÐ

Með breyttum samþykktum SL lífeyrissjóðs fyrir ársfund 2022

Inngangur

Í desember síðastliðnum staðfesti fjármála- og efnahagsráðherra nýjar dánar- og eftirlifendatöflur útgefnar af Félagi Íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT). Við það varð lífeyrissjóðum sem starfa hérlandis skylt að innleiða hinar nýju forsendur í tryggingafræðilegar úttektir, í síðasta lagi árið 2023. Á fundi stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda (hér eftir „SL“ og „sjóðurinn“) þann 15. mars 2022 var ákveðið að innleiða hinar nýju dánar- og eftirlifendatöflur.

Nýjar dánar- og eftirlifendatöflur fela í sér breytta aðferðafræði við að áætla lífslíkur Íslendinga. Í stað þess sem áður hefur verið gert, þ.e. að líta til lífslíkna aftur í tímann, verður gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu í lífslíkum hjá hverjum fæðingarárgangi fyrir sig. Nánar um breytingarnar má sjá á vefsíðu Stjórnarráðsins.¹

Yrði ekkert gert til mótvægis við fyrrnefnda innleiðingu yrði framtíðarstaða sjóðsins fyrirsjáanlega verulega neikvæð. Stjórn sjóðsins hefur því samþykkt að ráðast í mótvægisáðgerðir sem fela í sér lækkun áunninna réttinda sjóðfélaga, mismikið eftir aldri, en þeim er nánar lýst í 16. gr. greinargerðar þessarar. Samhliða lækkun áunninna réttinda hefur stjórn sjóðsins samþykkt að auka réttindi allra sjóðfélaga um 10% vegna góðrar stöðu sjóðsins, sbr. umfjöllun 15. gr. greinargerðarinnar.

Þá hefur stjórn einnig samþykkt aðrar breytingar á samþykktum sjóðsins sem lýst verður nánar í ákvæðum greinargerðar þessarar. Í flestum tilfellum er um að ræða minniháttar breytingar sem hafa enga eða litla efnisþýðingu, eða leiða af breytingum á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó eru nokkrar breytingar sem segja má að muni hafa nokkra þýðingu fyrir sjóðfélaga. Þar fer e.t.v. hæst að framvegis verður taka ellilífeyris heimil frá 60 ára aldri sjóðfélaga í stað 65 ára eins og nú er, með viðeigandi lækkun mánaðarlegra greiðslna, sbr. töflu II í viðauka A.

Ef spurningar vakna um samþykktarbreytingar er velkomið að beina þeim til starfsfólks sjóðsins í síma 510-7400 eða á netfangið sl@sl.is

Greinargerð

1. Í 4. mgr. 1. gr. bætist við ákvæði sem kemur í stað 5. mgr. 17. gr. og 6. og 7. mgr. 18. gr. í eldri samþykktum. Krónutölur sem tilgreindar eru í samþykktum miðast þannig framvegis við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2022, þ.e. 513,0. Eldri krónutölur í samþykktum sjóðsins eru uppfærðar til samræmis. Í eldri samþykktum var mismunandi grunnvísitölum beitt í tilgreindri séreignardeild sjóðsins annars vegar og samtryggingardeild hins vegar. Með þessari breytingu verður sömu grunnvísitölu beitt í báðum tilvikum. Hér er eingöngu um að ræða breytingu sem ætlað er að gera lestur samþykktanna einfaldari.

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/12/22/breytingar-a-forsendum-reiknigrunns-um-lifslukur-stadfestar-/>

2. Hugtakinu „tryggingafræðingur“ breytt í „tryggingastærðfræðingur“ á öllum stöðum sem því bregður fyrir í eldri samþykktum. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur er hugtakið „tryggingastærðfræðingur“ talið meira lýsandi fyrir þá aðila sem framkvæma tryggingafræðilega athugun á sjóðnum. Sjóðurinn er áfram bundinn af ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er kemur að tryggingafræðilegum athugunum og þeim hæfisskilyrðum sem uppfylla þarf til að mega framkvæma slíka athugun.
3. Í 5. mgr. 7. gr. eru gerðar tvær breytingar á fjárfestingarheimildum sjóðsins. Þær eru til komnar vegna lagabreytinga sem áttu sér stað árið 2020, og varða annars vegar hluti eða hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðum, en hins vegar afleiðuviðskipti. Hér er eingöngu horft til þess að uppfæra samþykktir sjóðsins svo þær séu efnislega í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997.
4. Orðalag í 11. mgr. 7. gr. er yfirfarið, því áður var talað um „lífeyrissjóð“ en með breytingunum verður sjóðurinn tilgreindur með greini líkt og annars staðar í samþykktunum. Hér er því ekki um að ræða efnisbreytingu hvað inntak sjálfs ákvæðisins varðar og eru heimildir sjóðsins þær sömu og áður var.
5. 1. mgr. 8. gr. tilgreinir iðgjaldsstofn en þar er gerð sú smávægilega breyting að í stað þess að vísa til að launagreiðandi greiði 8% mótframlag er talað um að launagreiðandi greiði það sem umfram er eftir að greitt hefur verið 4% framlag launþega, þó þannig að talan verði að lágmarki 12%. Með þessum hætti endurspeglar samþykktirnar betur þá framkvæmd sem nú er orðin algeng, þ.e. að mótframlag launagreiðanda er 11,5%. Komi til þess að lögfest verði hærra lágmarksiðgjald en nú er ætti ekki að þurfa að breyta samþykktum frekar.
6. Við 1. mgr. 9. gr. bætist umfjöllun um viðmiðunaraldur sjóðsins. Þar er átt við á hvaða 40 ára tímabili sjóðfélagi þarf að greiða til sjóðsins til að öðlast réttindi sem nema 56% af meðaltekjum hans á því tímabili, eins og áskilið er að lífeyrissjóðir tilgreini, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 391/1998.
7. Í 3. mgr. 9. gr. er um smávægilega orðalagsbreytingu að ræða sem ætti ekki að hafa mikla efnislega þýðingu, heldur er henni ætlað að skýra nánar efnisinnihald töflu I í viðauka.
8. Í 1. mgr. 10. gr. var áður kveðið á um að allir sjóðfélagir sem orðnir eru fullra 65 ára að aldri eigi rétt á ellilífeyri. Framvegis mun réttur til ellilífeyris eiga við frá 60 ára aldri, með viðeigandi skerðingum samkvæmt töflu II í viðauka A. Með þessu er ætlunin að auka valfrelsi sjóðfélaga sjóðsins.
9. 2. mgr. 10. gr. kveður á um hvernig reikna skuli árlegan ellilífeyri m.v. að taka ellilífeyris hefjist við 67 ára aldur. Áfram kveða 3. og 4. mgr. 10. gr. á um hvernig reikna skuli réttindi hjá þeim sem hefja töku fyrir og eftir 67 ára aldur.
10. 5. mgr. 10 gr. tekur til endurskoðunar ellilífeyris við 67, 70 og 80 ára aldur. Með þessu er ætlunin að tryggja að sjóðfélagi fái lífeyrisgreiðslur í samræmi við það hvað greitt hefur verið í sjóðinn, og að réttindi skili sér til sjóðfélaga þótt greitt hafi verið í sjóðinn eftir að taka lífeyris hefst. Þá er kveðið á um að iðgjöld greidd í samtryggingardeild eftir 70 ára aldur verði endurgreidd, sbr. 2. mgr. 15. gr.

11. 8. mgr. 10. gr. hafði að geyma heimild fyrir þá sem höfðu þegar hafið töku ellilífeyris að lækka það hlutfall í 50% til 1. janúar 2020. Þar sem um var að ræða tímabundna heimild sem nú er runnin sitt skeið þykir rétt að fella ákvæðið brott úr samþykktum sjóðsins.
12. Í 9. mgr. 10. gr. var áður kveðið á um að ef taka lífeyris hæfist fyrir 67 ára aldur væri sú ákvörðun endanleg. Orðalagi ákvæðisins er nú breytt smávægilega svo alveg skýrt sé að þótt taka ellilífeyris hefjist eftir 67 ára aldur er ákvörðun um töku ellilífeyris í öllum tilfellum endanleg.
13. 1. mgr. 31. gr. er uppfærð til að endurspeglar að starfsemi Fjármálaeftirlitsins er nú á vegum Seðlabanka Íslands, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019. Áfram verður vísað til „Fjármálaeftirlitsins“ á öðrum stöðum í samþykktunum, en með því er átt við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands.
14. 1. gr. til bráðabirgða er ætlað að vega upp fyrir minni ávinnslu réttinda á þeim árum sem framreikningur iðgjalda tekur til vegna réttindabreytinganna sem hér eru framkvæmdar. Við framreikning iðgjalda vegna örorku er litið til tekna síðustu ára á undan. Lækkun réttindataflna mun þannig hafa nokkur áhrif á rétt til framreiknings til framtíðar, en til að mæta þessu er bráðabirgðaákvæðinu ætlað að ívilna þeim sem munu njóta framreiknings á næstu þremur árum.
15. Vegna fækkunar taflna í viðauka A úr fjórum í tvær eru tilvísanir í töflur þrjú og fjögur felldar brott. Þar sem áður var vísað í töflu þrjú og fjögur verður framvegis vísað til töflu tvö, enda inniheldur hún þær upplýsingar sem áður mátti finna í töflum tvö, þrjú og fjögur.
16. Í viðauka A munu, líkt og áður hefur komið fram, birtast tvær töflur í stað fjögurra eldri. Tafla I er réttindatafla sjóðsins, sem lýsir því hve háar árlegar greiðslur sjóðfélagi getur vænst að fá í ellilífeyri m.v. 67 ára aldur, fyrir hverjar 10.000 krónur sem greiddar eru í sjóðinn, sundurliðað eftir aldursári. Afleiðing innleiðingar nýrra dánar- og eftirlifendataflna er að lagt verður til grundvallar að þeir sem yngri eru muni lifa lengur en eldri aldurshópar. Ný réttindatafla mun lækka fyrir alla aldurshópa samanborið við eldri réttindatöflu, en vegna þess sem rakið hefur verið mun lækkunin verða nokkuð meiri hjá þeim sem yngstir eru. Tafla II er flýtingar- og seinkunartafla, en henni er ætlað að lýsa hvernig réttindi eru reiknuð fyrir þá sem hefja töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur annars vegar og eftir 67 ára aldur hins vegar.
17. Í 4. gr. viðauka B er kveðið á um hækkun áunninna réttinda sem nemur 10% vegna góðrar afkomu sjóðsins. Þessi ráðstöfun er í samræmi við hvernig hefur áður verið staðið að hækkun áunninna réttinda, sbr. 1., 2., og 3. gr. viðauka B.
18. Í 5. gr. viðauka B er kveðið á um þær mótvægisáðgerðir sem sjóðurinn mun ráðast í vegna innleiðingar nýrra dánar- og eftirlifendataflna.
 - a. Í a) lið er fjallað um áunnin réttindi lífeyrisþega og þeirra sem eru eldri en 67 ára, að undanskildum ellilífeyrisþegum sem eru yngri en 67 ára og öllum barnalífeyrisþegum. Áfallnar skuldbindingar sjóðsins vegna þess hóps sem hér um ræðir eru reiknaðar saman, m.v. 31.12.2021, samkvæmt nýjum og eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Áunnin réttindi sjóðfélaganna sem hér er um að ræða verða í kjölfarið lækkuð, svo þau verði sama hlutfall af áföllnum

skuldbindingum samtryggingardeildar og þau voru samkvæmt eldri töflum. Lækkun áunninna réttinda viðkomandi hóps verður 4,0%.

- b. Í b) lið er vikið að mótvægisáðgerðum sjóðsins fyrir alla aðra sjóðfélaga en þá sem a) liður tekur til. Þar verða áfallnar skuldbindingar sjóðsins vegna viðkomandi sjóðfélaga reiknaðar samkvæmt nýjum og eldri dánar- og eftirlifendatöflum, m.v. 31.12.2021. Réttindi verða svo lækkuð þannig að fyrir hvern fæðingarárgang verða réttindi sama hlutfall af áföllnum skuldbindingum samtryggingardeildar og þau voru samkvæmt eldri töflum.

19. Í niðurlagi 5. gr. viðauka B má finna tvær töflur sem lýsa því hvernig breytingarnar sem boðaðar eru í 15. og 16. gr. þessarar greinargerðar munu koma út fyrir mismunandi fæðingarárganga:

- a. Eftirfarandi tafla lýsir áhrifum þeirra breytinga sem boðaðar eru í 16. gr. einum og sér:

Lífeyrir og áunnin réttindi lífeyrisþega (þó ekki ellilífeyrisþega yngri en 67 ára og barnalífeyrisþega) lækka um 4,0%.

Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting
2005	-13,4%	1988	-11,9%	1971	-8,7%
2004	-13,4%	1987	-11,7%	1970	-8,5%
2003	-13,3%	1986	-11,6%	1969	-8,2%
2002	-13,3%	1985	-11,4%	1968	-8,0%
2001	-13,2%	1984	-11,3%	1967	-7,7%
2000	-13,1%	1983	-11,1%	1966	-7,5%
1999	-13,1%	1982	-10,9%	1965	-7,2%
1998	-13,0%	1981	-10,8%	1964	-7,0%
1997	-12,9%	1980	-10,6%	1963	-6,7%
1996	-12,8%	1979	-10,4%	1962	-6,4%
1995	-12,7%	1978	-10,2%	1961	-6,2%
1994	-12,6%	1977	-10,0%	1960	-5,9%
1993	-12,5%	1976	-9,8%	1959	-5,6%
1992	-12,4%	1975	-9,6%	1958	-5,3%
1991	-12,3%	1974	-9,4%	1957	-5,0%
1990	-12,2%	1973	-9,1%	1956	-4,8%
1989	-12,0%	1972	-8,9%	1955	-4,5%

- b. Eftirfarandi tafla lýsir samanlögðum breytingum sem boðaðar eru í 15. og 16. gr., þ.e. annars vegar hækkun réttinda sem nemur 10% fyrir alla og hins vegar sú lækkun sem lýst er í 16. gr. og sjá má í töflunni að ofan:

Lífeyrir og áunnin réttindi lífeyrisþega (þó ekki ellilífeyrisþega yngri en 67 ára og barnalífeyrisþega) hækka um 5,6%.

Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting
2005	-4,7%	1988	-3,1%	1971	0,4%
2004	-4,7%	1987	-2,9%	1970	0,7%
2003	-4,6%	1986	-2,8%	1969	1,0%
2002	-4,6%	1985	-2,5%	1968	1,2%
2001	-4,5%	1984	-2,4%	1967	1,5%
2000	-4,4%	1983	-2,2%	1966	1,8%
1999	-4,4%	1982	-2,0%	1965	2,1%
1998	-4,3%	1981	-1,9%	1964	2,3%
1997	-4,2%	1980	-1,7%	1963	2,6%
1996	-4,1%	1979	-1,4%	1962	3,0%
1995	-4,0%	1978	-1,2%	1961	3,2%
1994	-3,9%	1977	-1,0%	1960	3,5%
1993	-3,7%	1976	-0,8%	1959	3,8%
1992	-3,6%	1975	-0,6%	1958	4,2%
1991	-3,5%	1974	-0,3%	1957	4,5%
1990	-3,4%	1973	0,0%	1956	4,7%
1989	-3,2%	1972	0,2%	1955	5,1%

20. Í viðauka C kemur ákvæði um sameiningu lífeyrissjóðs leigubílstjóra við SL árið 2000. Þetta ákvæði hefur enga þýðingu fyrir skuldbindingar sjóðsins og er eingöngu bætt við í viðauka C því áður hafði láðst að nefna þessa sameiningu.
21. Aðrar breytingar á samþykktum sjóðsins en þær sem lýst er að ofan eru smávægilegar og lúta fyrst og fremst að málvari.